

602. fundur

Miðvikudaginn 20. apríl 2016 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson formaður ANR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR
Baldur Sigmundsson ANR
Benedikt S. Benediktsson FJR
Kristín Sigfúsdóttir ANR ritari

1. Lögð var fram fundargerð 601, samþykkt með breytingum.
2. Tekið var fyrir erindi frá Kjarnafæði ehf dags. 4. apríl 2016 um meintan skort á svínasíðum. Sendur var út tölvupóstur til dreifingaraðila og framleiðenda til að kanna stöðu markaðarins. Á grundvelli svara var óskað eftir upplýsingum um innlent heildsöluverð á svínasíðum skv. ákvæði 12. gr. tollalaga nr. 88/2005. Ákveðið var að senda eftirfarandi tillögu til lögbundinna umsagnaraðila:

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 og tollalaga nr. 88/2005, sendir ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra. Um er að ræða tillögu um almenna heimild til innflutnings með opnum tollkvótum á svínasíðum:

	Vara	Tímabil	Verðtollur	Magntollur
			%	kr./kg
Tollskrárnúmer:	Svínakjöt, fryst :			
	-- Annað:			
ex0203.2902	Annað - svínasíður með beini	29.04. - 30.09.16	0	162
ex0203.2909	Annað - svínasíður beinlaust	29.04. - 30.09.16	0	205

Rökstuðningur: Nefndinni hafa borist ábendingar þess efnis að skortur og/eða fyrirsjáanlegur skotur sé á svínasíðum. Með vísan til nefndra ábendinga og þeirra gagna sem aflað hefur verið síðan í samræmi við 3. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 gerir nefndin framangreinda tillögu um úthlutun á opnum tollkvótum á svínasíðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.